


Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2016

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna á 145. löggjafarþingi 2015-2016, þingskjal 667 – 449. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna.

Lagt fram á 145. löggjafarþingi 2015-2016, þingskjal 667 – 449. mál.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindri tillögu til þingsályktunar.

I. Almennt um hlutverk Rauða krossins á Íslandi

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og hælisleitenda í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar og er hreyfingin stærsta mannúðarhreyfing veraldar.

Líkt og önnur landsfélög hreyfingarinnar gegnir Rauði krossinn á Íslandi ákveðnu stoðhlutverki við stjórnvöld þegar kemur að tilteknum málaflokkum, s.s. á sviði almannavarna, heilsuverndar, velferðar og málefna útlendinga. Stoðhlutverk Rauða krossins við stjórnvöld og samvinna í málefnum hælisleitenda og flóttamanna byggir meðal annars á samningi við innanríkisráðuneytið, samningi við velferðarráðuneytið um aðstoð við þá hælisleitendur sem fá vernd, samstarfi í flóttamannanefnd og hlutverki í vali og móttöku svokallaðra kvótaflóttamanna allt frá árinu 1956. Að auki er félagið með samstarfssamning við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2001. Líkt og hreyfingin öll stuðlar Rauði krossinn á Íslandi að eflingu mannúðargilda og virðingu fyrir alþjóðlegum flóttamanna-, mannréttinda- og mannúðarlögum.

Hlutverk landskrifstofu Rauða krossins í málefnum hælisleitenda og flóttamanna byggir á gömlum grunni og grundvallast meðal annars á ofangreindu stoðhlutverki, mikilli þekkingu og langri reynslu félagsins af málaflokknum. Sú þekking og reynsla byggir meðal annars á samstarfi og samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, reynslu hreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans af störfum með flóttafólki síðan 1875 og áratuga reynslu starfsfólks og sjálfboðaliða við móttöku og aðlögun flóttafólks á Íslandi.

II. Athugasemdir um tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna á Íslandi.

Undirbúningur verði hafinn með því að kanna kosti og þörf á að stofna sérstakt embætti umboðsmanns flóttamanna. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar með skýrslu fyrir lok yfirstandandi löggjafarþings.“

Í greinargerð með tillöggunni kemur m.a. fram að fordæmalaus fjölgun hafi að undanfögnu orðið á umsóknum um alþjóðlega vernd hérlandis miðað við sama tíma í fyrra. Samhliða hafi ítrekað komið upp mál þar sem hörð gagnrýni hafi komið fram vegna málsmeðferðar þeirra flóttamanna sem leita hælís á Íslandi. Hafi sú gagnrýni bæði beinst að löngum afgreiðslutíma, aðstæðum hælisleitenda meðan þeir bíða úrlausnar um hælisumsókn sína og loks endanlegri ákvörðun um synjun eða samþykkt þess að þeir fái hér hæli. Ásakanir hafi komið fram um að brotið sé á mannréttindum hælisleitenda, mannúðarsjónarmið verið sniðgengin o.s.frv.

Kemur fram í greinargerð með ályktuninni að augljóst virðist að þeir flóttamenn og hælisleitendur sem hingað komi þarfnast í sumum tilvikum betri ráðgjafar og handleiðslu varðandi lagalega stöðu sína og möguleika í íslensku samfélagi.

Með þingsályktunartillöggunni sé ætlunin að kannaðir verði kostir þess að samþætta þá ráðgjöf og aðstoð sem flóttamönnum er veitt á Íslandi, þannig að þeir geti leitað á einn stað þar sem hagsmunir þeirra eru bornir fyrir brjosti einvörðungu og þeim leiðbeint og veitt sú aðstoð sem þeir þurfa.

Þá kemur fram í greinargerðinni að rúmt ár sé síðan Rauði krossinn samdi við innanríkisráðuneytið um að taka að sér hagsmunagæslu þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd og þiggi Rauði krossinn nú fjárframlög frá innanríkisráðuneyti til þess að sinna þessu verkefni. Ennfremur að bent hafi verið á að þetta fjárveitingasamband kunni að ógna sjálfstæði Rauða krossins sem mannúðarsamtaka. Sem dæmi megi taka að fjárvana hælisleitendur geti ekki valið sér talsmann til að veita þeim réttaraðstoð við meðferð máls síns þar sem íslensk stjórnvöld greiði einungis lögfræðingum á vegum Rauða krossins fyrir slíka aðstoð. Þetta hafi verið gagnrýnt af lögmönnum, enda þó að starfsmenn Rauða krossins leggi sig alla fram um að sinna hlutverkinu vel. Þá hafi núverandi fyrirkomulag í för með sér þá hættu að eftirlits- og aðvörunarhlutverkið sem Rauði krossinn hafi haft með höndum varðandi réttindi flóttamanna og hælisleitenda farið forgörðum. Með þingsályktunartillöggunni væri umboðsmanni falið að sinna hlutverki talsmanns hælisleitenda og útvega talsmann eftir atvikum líkt og Rauði krossinn gerir nú.

Segir loks að með stofnun sérstaks embættis umboðsmanns flóttamanna væri einnig girt fyrir það sem gerst hafi ítrekað að opinber embætti, t.d. Útlendingastofnun, fái yfir sig reiðiöldur almennings þegar teknar eru ákvarðanir eða úrskurðað um réttindi flóttamanna og hælisleitenda og ásakanir um að hagsmuna sé ekki gætt, haldið sé illa utan um þá o.s.frv. Þá mundi það auka frelsi Rauða krossins sem sjálfstæðra mannúðarsamtaka til þess að beita sér fastar í málefnum flóttamanna að vera ekki í fjárveitingasamskiptum við það ráðuneyti sem fer með málefni útlendinga hér á landi, þar á meðal hælisleitenda.

Rauði krossinn fagnar aukinni umræðu og áhuga um málefni flóttamanna og hælisleitenda og tillögum sem ætlað er að bæta réttarstöðu þeirra en vill í framhaldinu benda á eftirfarandi atriði í tengslum við ofangreinda tillögu til þingsályktunar og greinargerð með henni.

a. Forsaga og aðdragandi samnings Rauða krossins á Íslandi við innanríkisráðuneytið

Aðkoma Rauða krossins á Íslandi að málefnum hælisleitenda hófst árið 1987, en fyrir þann tíma hafði félagið unnið að móttöku svokallaðra kvótaflóttamanna. Þegar bera fór á fjölgun hælisleitenda hér á landi á árunum 1998 til 1999 var undirritaður samningur á milli Rauða krossins og dómsmálaráðuneytisins sem kvað á um að Rauði krossinn tæki að sér ákveðið hlutverk við móttöku og umönnun þeirra sem sæktu um hæli á Íslandi sem flóttamenn. Samningurinn fól í sér að Rauði krossinn útvegaði hælisleitendum meðal annars húsnæði, framfærslu og lágmarks lækniástoð. Í lok árs 2003 rann samningurinn út og þjónustuhlutverkið fluttist yfir til Reykjanesbæjar sem sér nú hælisleitendum fyrir

húsnæði, fæði og öðrum nauðsynjum samkvæmt samningi við stjórnvöld. Árið 2014 var einnig gerður samningur við Reykjavíkurborg varðandi þjónustu við hælisleitendur og árið 2015 við Hafnarfjörð.

Árið 2009 hafði Rauði krossinn frumkvæði að því að bjóða hælisleitendum lögfræðiaðstoð á fyrra stjórnarsýslustigi, þ.e. við meðferð umsóknar þeirra hjá Útlendingastofnun, og var þá um að ræða sjálfböðna þjónustu laganema og lögfræðinga. Rauði krossinn bauð einnig þeim hælisleitendum lögfræðiaðstoð sem voru í svokölluðu Dyflinnarferli og höfðu kært ákvarðanir Útlendingastofnunar til dómsmálaráðuneytisins. Verkefnið grundvallaðist á mati Rauða krossins á mikilvægi talsmannabjónustu fyrir hælisleitendur sem á þeim tíma stóð þeim ekki til boða endurgjaldslaust en Rauði krossinn hafði talað fyrir slíkri þjónustu um langt skeið. Árið 2012 hóf innanríkisráðuneytið að greiða fyrir þjónustu talsmanna á fyrra stjórnarsýslustigi og færðist þjónustan þá í hendur sjálfstætt starfandi lögmannna en áður hafði ráðuneytið greitt kostnað vegna lögfræðiþjónustu á kærustigi í efnismeðferðarmálum. Fljótlega fór að bera á því að sú þjónusta sem hælisleitendur fengu hjá sjálfstætt starfandi lögmonnum var afar misjöfn. Engar kröfur um reynslu eða menntun af málaflokknum voru gerðar til þeirra lögmannna sem tóku að sér talsmannastarfið en flóttamannaréttur er sérhæft réttarsvið sem ekki hefur verið skyldunámskeið í laganámi hér á landi. Skorti því marga lögmennt sérþekkingu og reynslu af málaflokknum, enda ekki óalgengt að einstaka lögmennt væru aðeins að vinna með nokkur mál á hverju ári og því ekki rými til að byggja upp sérþekkingu. Þá bar á því að málum hælisleitenda væri ekki sinnt nægilega, ýmist vegna anna lögmannna við önnur óskyld verkefni eða vegna þess að lítið fékkst greitt fyrir vinnuna frá ríkinu. Að þessu sögðu skal því haldið til haga að flestir lögmennt sinntu starfi talsmanns af kostgæfni og mikilli fagmennsku.

b. Talsmannabjónusta Rauða krossins

Með samningi Rauða krossins og innanríkisráðuneytisins frá júní 2014 tók Rauði krossinn að sér að veita hælisleitendum lögfræðiþjónustu frá og með 25. ágúst sama ár. Samningur Rauða krossins við innanríkisráðuneytið var endurnýjaður 1. október 2015 með gildistíma til 30. júní 2017. Samningurinn var hugsaður sem tilraunaverkefni til þriggja ára og um mitt næsta ár er ætlunin að koma á framtíðarskipan um hvernig talsmannabjónustu við hælisleitendur verði best fyrir komið. Á grundvelli samningsins starfa sex lögfræðingar og fjórir verkefnisstjórar í svokölluðu hælirsteymi Rauða krossins. Allir lögfræðingarnir og einn af verkefnisstjórunum eru í fullu starfi, en hinir þrír verkefnisstjórnarnir eru í 60-80% starfi. Þá starfa með hælirsteyminu um fimmtíu sjálfböðaliðar Rauða krossins.

Frá því að Rauði krossinn tók að sér talsmannabjónustu í málaflokknum 25. ágúst 2014 hafa 622 einstaklingar sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi, sem er fordæmalaus fjölgun miðað við síðustu ár. Á þeim tíma sem Rauði krossinn hefur sinnt talsmannabjónustunni hefur safnast upp gríðarleg viðbótarsérþekking á málaflokknum hjá þeim talsmonnum og verkefnisstjórum sem fara með þessi mál. Lögfræðingar Rauða krossins sinna eingöngu málefnum hælisleitenda.

Með því fyrirkomulagi að láta talsmennt og verkefnisstjóra vinna saman í einu teymi er lögð áhersla á heilðræna nálgun varðandi réttindi og þjónustu sem hverjum hælisleitanda er nauðsynleg. Talsmennt sinna þeim þáttum er snúa beint að hælisleitendunni en verkefnisstjórnarnir vinna að ýmsum félagslegum málum, s.s. er varða virkni og hvatningu til samfélagslegrar þátttöku og eftirlit með aðbúnaði í búsetu og almennri andlegri líðan. Reynsla Rauða krossins hefur sýnt að þessir tveir verkþættir fara vel saman og styður félagsstarf og stuðningur í daglegu lífi vel við hælisleitendur og auðveldar þeim að takast á við hælisumsókn sína með dyggum stuðningi síns talsmanns. Þá hefur heilðræn nálgun Rauða kross teymisins og stuðningur sálfræðinga og sérfræðinga í áfallahjálpr reynst mikilvægur í alvarlegum tilfellum er varða hælisleitendur, s.s. hungurverkföllum. Slík heilðræn nálgun náðist ekki á þeim tíma

sem Rauði krossinn átti ekki neina aðkomu að talsmannabjónustu við hælisleitendur á árunum 2012 til júní 2014.

Hagsmunagæsla Rauða krossins samkvæmt samningnum við innanríkisráðuneytið felst meðal annars í hlutlausum og óhlutdrægum leiðbeiningum til hælisleitenda, þátttöku í greiningu sérstaklega viðkvæmra hælisleitenda við móttöku, ráðgjöf til hælisleitenda og viðveru í viðtölum hjá stjórnvöldum vegna hælisumsóknarinnar, viðveru og ráðgjöf við birtingu ákvarðana stjórnvalda, leiðbeiningum um kæruleiðir og framhald máls, ritun greinargerða eftir þörfum og aðstoð við að koma gögnum og upplýsingum á framfæri við stjórnvöld á báðum stjórnsýslustigum.

Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða og leggja starfsmenn Rauða krossins sig fram við að veita alla þá ráðgjöf og leiðbeiningar sem umsækjendur um hæli þarfnast við meðferð umsóknar þeirra um hæli sem er til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum, og á það við á báðum stjórnsýslustigum. Þessu til viðbótar er rétt að nefna að aðgengi hælisleitenda að talsmönnum Rauða krossins er afar gott og er þeim t.a.m. útvegaður tími með lögfræðingi sínum um leið og þeir mæta á skrifstofu félagsins en annars við fyrsta tækifæri. Er þjónustan veitt óháð búsetu viðkomandi og hafa talsmenn nýtt húsnæði Rauða krossins í búsetusveitarfélögum hælisleitenda sem og húsnæði landskrifstofu til ráðgjafaviðtala við skjólstæðinga sína. Í ráðgjafaviðtölum er boðið upp á túlkabjónustu en það er jafnframt gert í opnum viðtalstímum hælisleitenda sem verkefnisstjórar annast í hverri viku. Mikilvægi þess að hælisleitandi geti tjáð sig á tungumáli sem hann hefur gott vald yfir verður ekki dregið í efa og var sú túlkabjónusta sem Rauði krossinn hefur boðið upp á einkar mikilvæg en fáir höfðu notið slíkrar þjónustu áður og ekki heldur verið tryggt að hælisleitendur nyttu túlkabjónustu í samskiptum sínum við talsmenn.

Rétt er að ítreka að samkvæmt samningi Rauða krossins við innanríkisráðuneytið gæta talsmenn á vegum Rauða krossins eingöngu hagsmuna hælisleitenda á stjórnsýslustigi. Í þeim tilvikum er hælisleitendur fá endanlega synjun um vernd á Íslandi eiga þeir kost á að leita til sjálfstæðra lögmanna vilji þeir fara með mál sitt fyrir dómstóla. Hefur Rauði krossinn átt gott samstarf við lögmenn sem láta sig málaflokkinn varða og upplýsir þá með reglubundnum hætti um nýjustu strauða og stefnur í þeim málum sem hafa verið til umfjöllunar. Þá hafa lögmenn getað leitað eftir aðstoð hjá Rauða krossinum vegna tiltekinna mála sem þeir fara með og öfugt.

c. Um hlutleysi og sjálfstæði Rauða krossins

Hugsjónagrundvöllur Rauða krossins er fölginn í sjö grundvallarhugsjónum hreyfingarinnar um *mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfboðna þjónustu, einingu og alheimshreyfingu*. Sérhverjum starfsmanni og sjálfboðaliða Rauða krossins um heim allan ber að starfa samkvæmt þessum grundvallarhugsjónum.

Að því er varðar grundvallarhugsjónina um *hlutleysi* sérstaklega þá er það ekki svo að Rauði krossinn sé alltaf algerlega hlutlaus, nema á vígvellinum og þá til að hjúkra særðum og sjúkum. Rauði krossinn tekur afstöðu í fjölmörgum málum en til þess að hreyfingin megi njóta almenns trausts skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórn mála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði. Hlutleysi þýðir því hvorki afskiptaleysi né afstöðuleysi.

Með hlutlausum og óhlutdrægum leiðbeiningum í samningi Rauða krossins á Íslandi við innanríkisráðuneytið er átt við það að áhersla er lögð á að veita eins réttar upplýsingar og kostur er til þeirra sem óska eftir alþjóðlegri vernd hér á landi eða eru í þeim hugleiðingum. Í þessu felst meðal annars að geta veitt upplýsingar um hvernig sambærilegum málum hefur lyktað, hvað felst í því að sækja um alþjóðlega vernd og hvernig umsóknarferlið gengur fyrir sig. Starfsmenn félagsins veita allar þær

upplýsingar og ráðgjöf sem hægt er til að tryggja að umsækjanda sé unnt að taka upplýsta ákvörðun byggða á réttum upplýsingum.

Með hugtakinu *óhlutdrægni* í störfum félagsins er átt við að ekki er gerður greinarmunur á því við hvern er rætt hverju sinni og hvern er verið að aðstoða, heldur skal tryggt að allir fái notið sömu þjónustu og fái viðeigandi upplýsingar óháð kynþætti, þjóðerni, trúarbrögðum eða öðrum þáttum. Miða starfsaðferðir Rauða krossins að því að tryggja hagsmuni hælisleitenda í hvívetna.

Í greinargerð með þingsályktunartillögum kemur fram eins og áður segir að Rauði krossinn þiggi fjárframlög frá innanríkisráðuneytinu til þess að sinna talsmannabjónustunni og að þetta fjárveitingasamband kunni að ógna sjálfstæði Rauða krossins sem mannúðarsamtaka. Eins og fram hefur komið er sjálfstæði ein af grundvallarhugsjónum Rauða krossins, en með sjálfstæði er átt við að þó svo að landsfélög Rauða krossins veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verði þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

Í tengslum við þetta má nefna að engin breyting hefur orðið á þeirri framkvæmd að ríkið greiði fyrir talsmannabjónustu í þágu hælisleitenda. Áður en samningur Rauða krossins og innanríkisráðuneytisins tók gildi skipaði Útlendingastofnun sjálfstæða lögmenn sem talsmenn hælisleitenda og greiddi reikninga vegna vinnu lögmanna í þágu hælisleitenda. Landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans um heim allan þiggja framlög frá stjórnvöldum til að vinna að mannúðarstarfi. Hreyfingin leggur ríka áherslu á að þrátt fyrir að jafnt opinberir aðilar sem og einkaaðilar leggi einstaka verkefnum lið megi það aldrei ógna sjálfstæði verkefna og sjálfsákvörðunarrétti hreyfingarinnar um tilhögun verkefna. Eins og áður segir er ein af grundvallarhugsjónum Rauða krossins sjálfstæði og er lögð rík áhersla á að tryggja það. Hagsmunir skjólstæðinga hreyfingarinnar eru ávallt í forgangi. Í þessum anda vinnur Rauði krossinn á Íslandi og mun félagið því ávallt setja hagsmuni hælisleitenda og flóttamanna í forgang í verkefnum sem unnin eru í þeirra þágu.

Í þessu sambandi má einnig geta þess að Rauði krossinn á Íslandi á í reglulegum samskiptum við stjórnvöld og heldur m.a. mánaðarlega samskiptafundi með Útlendingastofnun þar sem færi gefst á að koma athugasemdum á framfæri um tiltekin atriði. Fjölbreytt starf Rauða krossins í tengslum við málefni flóttamanna gefur félaginu góða yfirsýn yfir stöðu málaflokksins í heild. Rauði krossinn hefur verið óhræddur við að gagnrýna stjórnvöld ef það er eitthvað við málsmeðferð eða löggjöf sem mætti betur fara og hefur komið athugasemdum sínum milliliðalaust á framfæri við stjórnvöld um þessi atriði, bæði munnlega og skriflega. Á það jafnt við um málsmeðferð hælismála sem og aðbúnað og aðhlyningu hælisleitenda á meðan á málsmeðferð stendur. Má einnig nefna að Rauði krossinn hefur lýst því yfir að komi upp sú staða að grundvallarhugsjónum Rauða krossins sé stefnt í tvísýnu muni félagið frekar segja sig frá samningi við stjórnvöld en að víkja frá grundvallarhugsjónum sínum og sjálfstæði. Sjónarmið mannúðar og það mikilvæga hlutverk að tala röddu flóttafólks hefur í þessu samhengi ávallt forgang. Að mati Rauða krossins eru áhyggjur þær sem fram koma í greinargerð með þingsályktunartillögum um að sjálfstæði félagsins sé í uppnámi því óþarfar og eiga ekki við rök að styðjast.

d. Alþjóðasamstarf

Rauði krossinn á Íslandi á í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi um málefni hælisleitenda og flóttamanna með það að leiðarljósi að styrkja stöðu þeirra hælisleitenda og flóttamanna sem eru hér á landi. Rauði krossinn hefur undanfarin ár átt mjög gott samstarf við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og heldur reglulega fundi með fulltrúum svæðisskrifstofu stofnunarinnar fyrir Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin. Þá á Rauði krossinn mánaðarlega símafundi þar sem Flóttamannastofnunin er upplýst

um stöðu mála hérlendis, bæði um tiltekin mál og málaflokkinn í heild sinni og athugasemdum komið á framfæri um það sem betur megi fara. Að sama skapi upplýsir stofnunin Rauða krossinn um helstu þróun í málefnum hælisleitenda og flóttamanna og veitir Rauða krossinum ráðgjöf um með hvaða hætti talsmenn félagsins geta talað máli þess viðkvæma hóps sem hér um ræðir. Þessu til viðbótar má nefna að Rauði krossinn er aðili að ECRE, eða *European Council on Refugees and Exiles*, sem eru regnhlífasamtök 90 frjálsra félagasamtaka í Evrópu sem berjast fyrir réttindum flóttamanna. Þá er félagið þátttakandi í samstarfi annarra Rauða kross landsfélaga í Evrópu sem nefnist PERCO og fjallar m.a. um málefni hælisleitenda, flóttamanna og farenta. Þá sækja starfsmenn hælisteymisins sér reglulega þekkingu um málefni hælisleitenda og flóttamanna á fundum og námskeiðum erlendis og hafa lagt áherslu á að miðla þeirri þekkingu sem víðast hér á landi.

Auk þessa styrkir félagið og kemur að fjölmörgum alþjóðlegum verkefnum sem varða aðstoð og vernd við fólk á flótta, s.s. í Sómalíu, Hvíta Rússlandi, Kýpur, Möltu, Sýrlandi, Líbanon og í Grikklandi.

III. Tillögur til úrbóta

Rauði krossinn hefur, allt frá því að samningur innanríkisráðuneytisins um talsmannþjónustu tók gildi, talið mikilvægt hælisleitendur gætu leitað til óháðs aðila telji þeir að talsmaður Rauða krossins hafi ekki sinnt starfi sínu á fullnægjandi hátt. Í þeim örfáu tilfellum sem slík mál hafa upp komið hefur viðkomandi getað skipt um talsmann innan Rauða krossins. Eigi að síður telur félagið mjög mikilvægt að mæla ánægju hælisleitenda með Rauða krossinn og er unnið að leiðum að því.

Rauði krossinn telur nauðsynlegt að tryggt verði að hælisleitendur geti komið kvörtunum sínum er varða þjónustu Útlendingastofnunar og sveitarfélaganna til lögbundins eftirlitsaðila. Eins og staðan er nú hefur Rauði krossinn eftirlit með húsnæði og þjónustu Útlendingastofnunar og sveitarfélaganna og getur komið athugasemdum á framfæri. Rauði krossinn hefur hins vegar hvorki úrskurðarvald né úrræði til að knýja á um breytingar ef athugasemdum Rauða krossins er ekki sinnt.

Þá telur Rauði krossinn nauðsynlegt að skýra og tryggja kæruleiðir einstakra ákvarðana stjórnvalda undir málsmeðferð hælisumsókna, t.a.m. ákvarðana um aldursgreiningar og niðurstöðu þeirra. Rauði krossinn telur eðlilegt að kærunefnd útlendingamála fari með þetta hlutverk en nauðsynlegt er að fella ákvæði þess efnis inn í ný útlendingalög.

Þá telur Rauði krossinn brýnt að skoða aðstöðumun flóttafólks á Íslandi. Í dag býr fólk við aðstöðumun jafnt á meðan á málsmeðferð stendur sem og þegar henni lýkur og vernd hefur verið veitt. Hælisleitendur búa ekki allir við sama aðbúnað og þjónustu á milli þjónustuaðila og hallar þá nokkuð á þá sem búa í búsetuúrræðum á vegum Útlendingastofnunar. Það er aðstöðumunur sem mikilvægt er að leiðrétta sem fyrst svo að allir njóti sambærilegrar þjónustu. Að auki má velta upp þeirri spurningu hvort ekki sé eðlilegt að öll þjónusta vegna búsetu og félagslegra úrræða sé sambærileg.

Mikilvægt er að horfa til réttinda heildarhóps flóttamanna óháð því hvort þeir sækja um vernd eða hafa þegar hlotið hana. Þegar kemur að síðarnefnda hópnum ríkir einnig aðstöðumunur á milli félagslegs stuðnings og fjárhagsstuðnings ríkisins við þá sem annars vegar fá vernd að lokinni hælismeðferð og hins vegar þeirra flóttamanna sem hingað koma í boði íslenska ríkisins. Gildir það þrátt fyrir að réttarstaða þeirra, þ.e. vernd samkvæmt ákvæðum útlendingalaga og flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna, sé hin sama. Hallar þar töluvert á fyrrnefnda hópinn.

Lokaorð

Rauði krossinn er hér eftir sem hingað til reiðubúinn til frekara samstarfs og samvinnu og eru fulltrúar félagsins tilbúnir til að hitta fulltrúa allsherjar- og menntamálanefndar til að reifa ofangreindar athugasemdir, ábendingar og tillögur félagsins enn frekar.